

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/653****2021/EES/22/81****frá 14. maí 2020****um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 540/2011 og (ESB) 2019/706 að því er varðar
CAS-númer virka efnisins karvóns (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 20. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/706 ⁽²⁾ er endurnýjað samþykki fyrir virka efninu karvóni og var það fært á skrá í viðaukann við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽³⁾.
- 2) Eftir að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/706 óðlaðist gildi kom í ljós villa að því er varðar CAS-númerið (Chemical Abstracts Number of the American Chemical Society) sem notað er fyrir virka efnið karvón í viðaukunum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/706.
- 3) CAS-númerið er einkvæmt kennimerki efnis sem er einnig notað fyrir virkt efni sem er innihaldsefni í plöntuverndarvörum; það er notað hnattrænt sem tilvísun að því er varðar viðskipti og eftirlitsstarfsemi fyrir íðefni og takmarkast ekki við varnarefni. Í dálki um almennt heiti og kenninúmer er ranglega minnst á „karvón 244-16-8“. Í stað þeirrar lýsingar ætti að koma „karvón 2244-16-8“.
- 4) Virka efnið karvón er með nokkur CAS-númer. Hins vegar hefur einungis eitt þeirra hlotið samþykki sem plöntuverndarvara. CAS-númerin, eins og þau eru gefin upp í framkvæmdargerðum Sambandsins um leyfi fyrir virkum efnunum, eru tekin inn í alþjóðlega gagnagrunna og tilvísanir eru notaðar að því er varðar síðari leyfi fyrir plöntuverndarvörum í aðildarríkjum og utan Sambandsins. CAS-númer 244-16-8 samsvarar ekki neinu skráðu virku efni sem er til; virka efnið yrði því ekki rétt auðkennt að því er varðar samþykki fyrir plöntuverndarvörum. Af þessum sökum er nauðsynlegt að leiðrétta CAS-númerið, sem er gefið upp í viðaukunum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/706 og þar af leiðandi í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, þar eð ruglingur gæti skapast varðandi auðkenni efnis við meðferð íðefna og viðskipti með þau.
- 5) Til glöggvunar þykir rétt að skipta út I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/706 og viðeigandi færslu 135 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 152, 15.5.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/706 frá 7. maí 2019 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu karvóni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 120, 8.5.2019, bls. 11).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtið ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

- 6) Í þágu skýrleika og réttarvissu fyrir rekstraraðila og eftirlitsyfirvöld ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leiðrétting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/706

Ákvæði I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/706 eru leiðrétt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Leiðrétting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukinn við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er leiðréttur í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. maí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Í stað I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 2019/706 kemur eftirfarandi:

„Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
karvón 2244-16-8 (d-karvón= S- karvón= (+)-karvón) Karvón: 602 d-karvón: ekki úthlutað	(S)-5-ísóprópenýl-2- metýlsýklóhex-2-en-1-ón eða (S)-p-menta-6,8-díen-ón	923 g/kg d-karvón	1. ágúst 2019	31. júlí 2034	<p>Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um karvón, einkum í I. og II. viðbæti við hana.</p> <p>Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:</p> <ul style="list-style-type: none"> — vernd notenda, tryggt skal að notkunarskilyrðin innihaldi fyrirmæli um notkun á fullnægjandi persónuhlífum. <p>Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Einkum ætti að taka tillit til þess tíma sem nauðsynlegt er að líði áður en farið er inn í geymslurými eftir að plöntuverndarvörur, sem innihalda karvón, hafa verið notaðar.</p> <p>Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar:</p> <ul style="list-style-type: none"> — áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn er notað til töku drykkjarvatns. <p>Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingarnar innan tveggja ára eftir birtingu framkvæmdastjórnarinnar á leiðbeiningarskjali vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.</p>

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.“

II. VIÐAUKI

Í stað færslu 135 um karvón í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 kemur eftirfarandi:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„135	karvón 2244-16-8 (d-karvón= S- karvón= (+)-karvón) Karvón: 602 d-karvón: ekki úthlutað	(S)-5-ísóprópenýl-2- metýlsýklóhex-2-en-1-ón eða (S)-p-menta-6,8-díen-ón	923 g/kg d-karvón	1. ágúst 2019	31. júlí 2034	<p>Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um karvón, einkum í I. og II. viðbæti við hana.</p> <p>Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:</p> <ul style="list-style-type: none"> — vernd notenda, tryggt skal að notkunarskilyrðin innihaldi fyrirmæli um notkun á fullnægjandi persónuhlífum. <p>Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Einkum ætti að taka tillit til þess tíma sem nauðsynlegt er að líði áður en farið er inn í geymslurými eftir að plöntuverndarvörur, sem innihalda karvón, hafa verið notaðar.</p> <p>Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar:</p> <ul style="list-style-type: none"> — áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn er notað til töku drykkjarvatns. <p>Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingarnar innan tveggja ára eftir birtingu framkvæmdastjórnarinnar á leiðbeiningarskjali vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.“</p>

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurnýjunarskýrslunni.